

# Fundargerð 31. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2017, föstudaginn 3. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til símafundur í Hlaðbúð.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson og Páll Björgvin Guðmundsson. Í símasambandi voru Steinunn María Sveinsdóttir, Bjarni Theódór Bjarnason og Sigrún Árnadóttir.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða - 1701001SU

Lagt fram frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða. Einnig lögð fram umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. desember 2016, umsögn Hafnasambands Íslands, dags. 18. ágúst 2016 og umsögn Fjarðabyggðar, dags. 15. desember 2016.

Stjórn samtaka sjávarútvegssveitarfélaga leggur áherslu á að skipulagsskylda haf- og strandsvæða utan netlaga verði lögfest, ekki síst með hliðsjón af vaxandi umsvifum á strandsvæðum, s.s. vegna fiskeldis, ferðaþjónustu og efnistöku. Mikilvægt er þó að skipulagslög gangi ekki á hefðbundið forræði sveitarfélaga í skipulagsmálum en skipulagsmál eru eitt af mikilvægustu stjórnækjum hverrar sveitarstjórnar.

Strandsvæði eru ásamt innfjörðum og flóum, hluti af skipulagsáætlunum sveitarfélaga með bæði beinum og óbeinum hætti. Séu þessi svæði slitin úr samhengi við skipulagsáætlanir sveitarfélaga, gæti það haft í för með sér vandmeðfarið óhagræði og árekstra ólíkra hagsmuna, með þeim afleiðingum að þau grundvallarmarkmið skipulagslöggjafar verða fyrir borð borin, sem stuðla að nýtingu og verndun auðlinda á sjálfbærum grunni í þágu efnahagslegrar uppbyggingar og félagslegrar velferðar.

Stjórn samtakanna telur að í frumvarpi til laga um skipulag haf- og strandsvæða eigi frekar að byggja á núverandi lagagrunni um skipulagsmál. Standi vilji ríkisvaldsins til þess að efla skipulagsgerð, væri mun nærtækara, að fella skipulag haf- og strandsvæða að núverandi fyrirkomulagi skipulagsmála og tryggja fjármögnun þess með skilgreindum tekjustofnum.

Að öðru leyti er vísað í meðfylgjandi umsögn sveitarfélagsins Fjarðabyggðar, dags. 15. desember 2016, sem stjórn samtakanna tekur heilshugar undir.

### 2. Viðskiptabann Rússa - 1601002SU

Rætt um fund sem formaður og gjaldkeri munu eiga með starfshópi í utanríkisráðuneytinu síðar í dag um áhrif viðskiptabannsins á sveitarfélögin.

### 3. **Veidigjöld til sveitarfélaga - 1701002SU**

Rætt um hvernig skipta eigi veiðigjöldum á milli sveitarfélaga ef það baráttumál samtakanna næst í gegn.

Tekið til umræðu og samþykkt að fresta málinu til næsta fundar.

### 4. **Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - ársreikningur 2016 - 1701003SU**

Lagður fram ársreikningur samtakanna fyrir árið 2016.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarsveitarfélögum, sbr. ákvæði í 2. mgr. 12 gr. samþykktu Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til því er lokið.

### 5. **Verkfall sjómanna - 1701004SU**

Rætt um verkfall sjómanna.

Samþykkt að láta vinna úttekt á áhrifum verkfallsins á aðildarsveitarfélög Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga. Starfsmanni falið að hafa samband við Íslenska sjávarklasans til að láta vinna úttektina. Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir miklum áhyggjum af þeirri stöðu sem komin er upp í sveitarfélögum allt í kringum landið í tengslum við verkfall sjómanna. Verkfallið hefur nú staðið í u.þ.b tvo mánuði og er farið að hafa mikil áhrif sem ekki einungis ná til samningsaðila, heldur einnig stöðu landverkafólks og þeirra sem vinna óbein störf í sjávarútvegi og eru ekki aðilar að kjarasamningi sjómanna og útgerðarmanna. Í jafn mikilvægri atvinnugrein og sjávarútvegi, er ábyrgð aðila mikil. Ljóst er að staðan er þegar orðin alvarleg í mörgum sjávarútvegssveitarfélögum og stefnir í óefni að óbreyttu. Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga hvetur samningsaðila og ríkisstjórn Íslands til að leita allra leiða til að liðka fyrir lausn málsins, þannig að koma megi í veg fyrir frekara tekjutap þjóðarbúsins í heild sinni.

### 6. **Merki Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga - 1609002SU**

Lögð fram tillaga að merki fyrir samtökin sem hægt er að nýta á bréfsefni og heimasíðu samtakanna.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að merki samtakanna.

Fundi var slitið kl. 13:00